



Reykjavík, 28. nóvember 2022
Tilvísun í mál: ÞON20110018

Viðtakandi: Innkaupa- og framkvæmdaráð

Sendandi: Upplýsingatæknipjónusta, Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Efni: Beiðni um samningskaup án undangenginnar útboðsauglýsingar

Upplýsingatæknipjónusta Reykjavíkurborgar (hér eftir „UTR“) óskar eftir heimild innkaupa- og framkvæmdaráðs Reykjavíkurborgar til að viðhafa samningskaup án undangenginnar útboðsauglýsingar í samræmi við b- lið 1. mgr. 26. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar, sbr. og b. lið 39. gr. laga um opinber innkaup, til kaupa á ráðgjafapjónustu Gartner Ireland Limited (hér eftir „Gartner“)

UTR óskar eftir því að fá heimild innkaupa- og framkvæmdaráðs til að kaupa þjónustu Gartner til tveggja ára með heimild til framlengingar um 2 ár. Lengd samningurinn gæti því mest orðið 4 ár. Heildarfjárhæð til tveggja ára er 218,700 EUR eða um kr. 32.564.430,-, eða kr. 65.128.860,- með tilliti til verðlagsbreytinga, verði framlengingarheimild nýtt, miðað við núverandi gengi gjaldmiðla.

F.h. Upplýsingatæknipjónustu Reykjavíkurborgar

Friðþjófur Bergmann
Upplýsingatæknistjóri

Reykjavík, 28. nóvember 2022
Tilvísun í mál: ÞON20110018

Viðtakandi: Innkaupa- og framkvæmdaráð

Sendandi: Upplýsingatæknipjónusta, Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Efni: Beiðni um samningskaup án undangenginnar útboðsauglýsingar

Upplýsingatæknipjónusta Reykjavíkurborgar (hér eftir „UTR“) óskar eftir heimild innkaupa- og framkvæmdaráðs Reykjavíkurborgar til að viðhafa samningskaup án undangenginnar útboðsauglýsingar í samræmi við b- lið 1. mgr. 26. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar, sbr. og b. lið 39. gr. laga um opinber innkaup, til kaupa á ráðgjafapjónustu Gartner Ireland Limited (hér eftir „Gartner“)

UTR óskar eftir því að fá heimild innkaupa- og framkvæmdaráðs til að kaupa þjónustu Gartner til tveggja ára með heimild til framlengingar um 2 ár. Lengd samningurinn gæti því mest orðið 4 ár. Heildarfjárhæð til tveggja ára er 218,700 EUR eða um kr. 32.564.430,-, eða kr. 65.128.860,- með tilliti til verðlagsbreytinga, verði framlengingarheimild nýtt, miðað við núverandi gengi gjaldmiðla.

Fyrri samningskaup á þjónustu Gartner

Með erindi Upplýsingatæknipjónustu (hér eftir „UTR“), dags. 7. desember 2020, til innkaupa- og framkvæmdaráðs var lögð fram beiðni um kaup á ráðgjafarþjónustu Gartner Ireland Limited (hér eftir „Gartner“). Óskað var eftir samningskaupum án undangenginnar útboðsauglýsingar (fskj. nr. 1), sbr. 39. gr. laga nr. 120/2016 (hér eftir „OIL“), sbr. ii. lið b. liðar 2. mgr. 32. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB, sbr. 26. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar. Ákvæðið felur í sér heimild til að semja við aðila án útboðs ef ekki sé um samkeppni að ræða af tæknilegum ástæðum. Samningar sem áður höfðu verið gerðir við Gartner voru umfangsminni og fjárhæð þeirra undir útboðsskyldu. Óskað var eftir innkaupum til tveggja ára að fjárhæð kr. 28.000.000,- m.v. þáverandi gengi gjaldmiðla. Um er að ræða ráðgjafapjónustu og endurmenntun starfsmanna sem uppfyllir allar þarfir Reykjavíkurborgar í stafrænni vegferð borgarinnar. Ástæður þess af hverju Reykjavíkurborg er nauðsynlegt að kaupa þjónustu Gartner eru raktar í fyrrgreindu erindi auk nánari

greinargerða dags. 14. desember og 22. desember 2020 (fskj. nr. 1-3). Greining UTR á markaði hafði leitt í ljós að Gartner var:

- Eini aðilinn sem uppfyllti heildar þarfir Reykjavíkurborgar en aðrir aðilar á markaði veittu takmarkaða þjónustu.
- Eini aðilinn sem bjó yfir jafn umfangsmiklum rannsóknum og gagnagrunnum á sviði upplýsingatækni.
- Eini aðilinn sem hafði þróað aðferðarfræði sem aðrir aðilar buðu ekki upp á s.s. IT market clock, Hyper cycle, Magic quadrant, mat á tækniþroska skipulagsheilda og stefnumótun fyrir skapandi greinar.

Jafnframt fór fram greining á þeirri ráðgjafarþjónustu sem aðrir opinberir aðilar innan Evrópu notuðu vegna sambærilegra verkefna. Niðurstaða þeirrar greiningar var sú að fjölmargir opinberir aðilar í Evrópu nýttu sér þjónustu Gartner á þeim grundvelli að fyrirtækið var eini aðilinn á markaði sem veitti þjónustuna og fóru innkaupin fram án undangenginnar útboðsauglýsingar. Niðurstaða UTR á árinu 2020 var þ.a.l. sú að Gartner væri eini aðilinn á markaði sem veitti þá þjónustu sem Reykjavíkurborg var að leita að og innkaupin því ekki útboðsskyld. Beiðni UTR um samningskaup án undangenginnar útboðsauglýsingar var samþykkt á fundi innkaupa- og framkvæmdaráðs þann 23. desember 2020.

Áframhaldandi kaup á þjónustu Gartner

Að mati UTR hefur þjónusta Gartner verið gríðarlega mikilvæg fyrir uppbyggingu stafrænnar Reykjavíkur. Ljóst er að nauðsynlegt er að halda áfram að nýta slíka sérfræðiþjónustu við áframhaldandi uppbyggingu á stafrænum innviðum Reykjavíkurborgar. Upplýsingatækniheimurinn er krefjandi og breytist í sífellu. UTR þarf að geta fylgt þeim breytingum, bæði í formi þess að velja bestu mögulegar lausnir hverju sinni og með það að leiðarljósi að nýta fjármagn sem best. Sú þjónusta sem Gartner hefur veitt hefur reynst borginni gríðarlega vel að mati UTR og í raun staðfest mikilvægi hennar. Jafnframt hefur ráðgjöfin leitt betur í ljós hvaða þjónustu borgin raunverulega þarf og hvernig best sé að nýta hana. Af þeim sökum hefur fyrra mat stjórnenda UTR, sem byggði á því að þörf fyrir þjónustu Gartner yrði eingöngu til tveggja ára, verið endurskoðað og ljóst að þörfin er áfram til staðar.

Núverandi greining og könnun á markaði

Til að tryggja fyrri greiningu UTR á markaði um að Gartner sé eini aðilinn sem uppfyllir kröfur borgarinnar, var farið í ítarlega markaðskönnun á Evrópska efnahagssvæðinu (fskj. nr. 4 og 5), sbr. 45. gr. OIL. Markaðskönnun er formlegt ferli sem felur í sér að óskað er eftir upplýsingum frá mögulegum þjónustuaðilum um hvort þeir geti boðið upp á þá þjónustu sem kaupandi óskar eftir auk þess sem þjónustuaðilar eru upplýstir um áformuð innkaup og þær kröfur sem koma til með að vera gerðar. Markaðskönnunin var send út í útboðsdagbók EES (Tenders Electronic Daily - „TED“) þann 16. september 2022 og gildi hún í 30 daga eða til 16.



október s.á. Ekkert fyrirtæki gaf sig fram við Reykjavíkurborg eða sýndi önnur viðbrögð við könnunni. Umrædd markaðskönnun breytti því ekki framangreindu mati UTR. Því til stuðnings er vísað til þess að fjölmargir opinberir aðilar í jafningjastöðu við Reykjavíkurborg hafa tilkynnt bein samningskaup við Gartner án undangenginnar útboðsauglýsingar á TED. Slík innkaup eru tilkynnt á þeim grundvelli að samningskaup við Gartner feli ekki í sér samkeppni af tæknilegum ástæðum og falli undir undanþáguákvæði ii. lið b. liðar 2. mgr. 32. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB sbr. 39. gr. laga OIL. (Neðangreindir aðilar eru til viðbótar þeirra aðila sem taldir eru upp í fskj. 3. Listinn er ekki tæmandi):

- Tolletaten - <https://doffin.no/Notice/Details/2021-319564>
- ARBEIDS- OG VELFERDSETATEN (NAV) - <https://doffin.no/Notice/Details/2020-369426>
- Frogn kommune - <https://doffin.no/Notice/Details/2020-303646>
- Registerenheten i Brønnøysund - <https://doffin.no/Notice/Details/2020-313229>
- Digitaliseringsdirektoratet - <https://doffin.no/Notice/Details/2020-361869>
- Universitetet i Sørøst-Norge (USN) - <https://doffin.no/Notice/Details/2020-304561>
- Norges teknisk-naturvitenskapelige universitet (NTNU) - <https://doffin.no/Notice/Details/2020-304157>

Í ljósi ofangreinds er það mat UTR að Gartner er eini aðilinn á markaði sem uppfyllir heildar þarfir Reykjavíkurborgar varðandi ráðgjöf og endurmenntun starfsmanna. Farið hefur verið í ítarlega greiningu á markaði, framkvæmd markaðskönnun á Evrópska efnahagssvæðinu auk þess sem það er í samræmi við niðurstöður annarra ríkja m.a. í Noregi, Þýskalandi og Skotlandi. Sú sértæka þjónusta sem Gartner veitir felur ekki í sér samkeppni við önnur fyrirtæki af tæknilegum ástæðum. Óskar UTR því eftir heimild innkaupa- og framkvæmdaráðs til að gera samning við Gartner Ireland Limited til 2 ára með heimild til framlengingar um 2 ár. Lengd samningsins gæti því mest orðið 4 ár. Heildarfjárhæð til tveggja ára er 218,700 EUR eða um kr. 32.564.430,-, eða kr. 65.128.860,-, með tilliti til verðlagsbreytinga, verði framlengingarheimild nýtt, miðað við núverandi gengi gjaldmiðla. Beiðnin byggir á b. lið 1. mgr. 39. gr. laga nr. 120/2020 um opinber innkaup.

F.h. Upplýsingatæknipjónustu Reykjavíkurborgar

Friðþjófur Bergmann
Upplýsingatæknistjóri

Fylgiskjöl:

1. Beiðni UTR til innkaupa- og framkvæmdaráðs, dags. 07.12.2022
2. Nánari greinargerð, dags. 14.12.2020
3. Nánari greinargerð, dags. 22.12.2020
4. Markaðskönnun, birt á TED þann 16.09.2022
5. Birting markaðskönnunar á TED, dags. 16.09.2022